

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 190/2022

frá 10. júní 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti,
hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2019/1024 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5k (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 L 1024**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtið. ESB L 172, 26.6.2019, bls. 56).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2019/1024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 172, 26.6.2019, bls. 56.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.